

Nr. 025 / 12 Þorlákur ÍS 15**Fékk á sig brotsjó**

Skipaskr.nr. 2446
Smíðaður: Póllandi 2000 stál
Stærð: 156,6 brl. 251 bt.
Mesta lengd: 28,9 m Skráð lengd: 26,64 m
Breidd: 7,5 m Dýpt: 5,55 m
Vél: Cummins 373 kW 2000
Fjöldi skipverja: 14



Þorlákur ©Hilmar Snorrason

Gögn:
Gögn RNS

Málið afgreitt á fundi 25. maí 2012 af Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Jóhanni Ársælssyni, Pálma K. Jónssyni og Ólafi K. Ármannssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.

Atvikalýsing:

Þann 14. mars 2012 var Þorlákur ÍS 15 að línuveiðum á Vestfjarðamiðum um 40 sml vestur af Bjargtöngum. Veður: SV 17–20 m/sek.

Verið var að leggja línuna á Kattarhrygg vestur úr Víkurál þegar brotsjór kom á skipið og braut rúðu í glugga svo sjór flæddi inn í borðsal og vistarverur. Enginn var í borðsalnum svo ekki urðu slys á skipverjum og var glugganum lokað með blindhlera.

Við rannsókn kom fram:

- að þrír gluggar, um 80 sm að hæð, eru á bakborðssíðunni en tveir eru inn í borðsalinn og einn inn í eldhúsið. Allir gluggarnir hafa alltaf verið lokaðir með blindhlera úr stáli að innan og var svo einnig um þann sem brotnaði;
- að rúðan sem brotnaði barði inn blindhlerann sem bognaði í vinkel svo tessar drógust úr höldum (klofum);
- að sögn skipstjóra sást ekkert á síðunni eftir höggið en línun er lögð á sex og hálfum hnútum;
- að atvikið varð um kl. 03:00 en þá var suðurfall og hefur straumur haft áhrif á sjólag eins og alþekkt er þegar vindur stendur upp í straum.

Nefndarálit:

Nefndir ályktar ekki í málinu.